

4. bekkur Glerárskóla

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslur þeirra í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla vefang: www.mrn.stjr.is**. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 4. bekk er 30.

Umsjónarkennarar: Karen Jóhannsdóttir og Erna Kristín Kristjánsdóttir í forföllum Ingibjargar Kristínar Gunnarsdóttur. Stoðkennari: Margrét Magnúsdóttir. Stuðningsfulltrúi: Einar Ómar Eyjólfsson

Íslenska

Markmið

Lestur

Að nemendur:

- öðlist aukna lestrarleikni
- öðlist aukinn lesskilning

Skrift og ritun

Að nemendur:

- haldi rétt á skriffæri
- dragi rétt til stafs og tengi
- skrifi læsilega og tjái sig í rituðu máli þannig að aðrir skilji
- segi skipulega frá
- viti að saga er byggð upp á inngangi, meginmáli og lokaorðum
- þekki einfaldar stafsetningarreglur svo sem um stóran staf á eftir punkti, stóran staf í sérnöfnum, einfaldan og tvöfaldan samhljóða og –n og -nn.

Talað mál og hlustun

Að nemendur:

- geti tjáð sig í hópi og sagt skipulega frá eigin reynslu
- geti flutt texta í hópi
- geti hlustað á aðra í hópi og beri virðingu hver fyrir öðrum og tilfinningum annarra (Olweus + Jákvæður agi).

Málfræði

Að nemendur:

- raði í stafrófsröð
- þekki helstu einingar tungumálsins, bókstafur, hljóð, orð samsett orð og málsgrein
- þekki mun á sérhljóðum og samhljóðum
- þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum
- þekki hugtökin samheiti og andheiti
- þekki beygingarreglur nafnorða
- þekki kyn orða
- þekki greini nafnorða

- þekki nútíð og þátíð
- þekki stigbreytingu lýsingarorða

Skipulag kennslu/kennsluhættir:

Áhersla er lögð á skýran framburð og skilning á efni. Unnið er með lesefni af bókasafni og börnin eru aðstoðuð við val á lesefni sem ætlað er til frjáls lesturs bæði í kennslustundum og heima. Til þess að góður árangur náist í lestrarnáminu er samvinna við heimilin um lestrarþjálfun mjög mikilvæg. Heima eiga nemendur að lesa upphátt á hverjum degi og foreldrar kvitta fyrir á þar til gert blað. Lögð er áhersla á samræður um lesefni og þjálfun í að lesa með gagnrýnum huga og að þroska ályktunarhæfni. Unnin eru ýmis skrifleg verkefni sem tengjast lesefni.

Framsögn fléttast inn í lestrarþjálfun með aukinni getu. Börnin eru hvött til að segja frá fyrir framan bekkinn og lögð er áhersla á að þau hlusti hvert á annað og sýni tillitssemi. Þau lesa upp fyrir bekkinn frásagnir, sögur og ljóð og flytja stutta leikþætti.

Kennd er ítölsk skriftargerð og lögð er áhersla á að börnin noti þá skrift í allri ritun og vandi skrift og frágang t.d. við sögugerð og ritun ljóða.

Börnin eru þjálfuð í að tjá sig í rituðu máli, skrifa málsgreinar, lýsingar, frásagnir og sögur í sögubók. Börnin skrá m.a. upplýsingar úr umhverfi sínu og úr léttum rituðum heimildum. Ýmsar skriflegar og munnlegar æfingar í málfræði.

Börnin læra nokkur ljóð utanbókar og læra um myndmál ljóða. Þau skrifa ljóð, sögur og frásagnir í vinnubækur og myndskreyta.

Íslenskan er samþætt öðrum námsgreinum og í vettvangsferðum er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér orðaforða sem tengist umhverfinu sem og örnefni. Viðfangsefni eru samþætt öðrum námsgreinum m.a. í þemavinnu þar sem unnið er út frá sögum og vettvangsferðum. Orð af orði.

Námsefni

Ýmsar lestrar- og vinnubækur. Bækur af bóksafni. *Ritrún 3*. Skinna - verkefnabók 1 og 2. *Lesrún- lesa, skilja, læra*. Ýmis tölvuforrit. Skrift frá Námsgagnastofnun. Valin ljóð. Ítarefni frá kennurum.

Námsmat

Lestur er metinn með því að fylgjast með framförum hvað varðar tækni (öryggi og lestrarhraða) og lesskilning. Viðhorf til lesturs er einnig metið. Lesfimiþróf og lesskilningsþróf eru lögð fyrir nemendur. Matslistar notaðir til viðmiðunar.

Skrift er metin með því að athuga og skrá reglulega hvort dregið sé rétt til stafs. Tekin eru sýnishorn af formlegum skriftarverkefnum og almennum ritunarverkefnum a.m.k. tvisvar sinnum á önn og taka nemendur þátt í því að meta eigin skrift. Skoðaður er frágangur verkefna og metin færni í að fylgja fyrirmælum um frágang þeirra.

Frásögn og málnotkun er metin með því að athuga og skrá frammistöðu í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á þekkingu og notkun á einföldum málfræðiatríðum og valdi á tungumálinu. Skráð er hvernig barninu gengur að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, segja sögur og tala um reynslu sína. Stutt skrifleg könnunarþróf eru lögð fyrir í málfræði.

Rituð frásögn er metin með því að skoða og skrá færni við að fara eftir því ritunarferli sem nemanda hefur verið kynnt og hvernig framfarir hann sýnir við uppbyggingu

frásagna. Stafsetning er metin í frjálstri ritun og einnig er metið hvernig nemandi tekst að nýta sér þær stafsetningarreglur sem honum hafa verið kynntar.

Leiðsagnarmat er hluti af námsmati.

Samræmt könnunarpróf í september.

Stærðfræði

Markmið

Að nemendur

- þekki hugtök og aðgerðir úr námsefninu og geti byggt á þeim í áframhaldandi námi
- geti notað þekkingu sína við ólík viðfangsefni
- læri að nýta sér hjálpargögn til þess að öðlast skilning á hugtökum og aðgerðum með hlutbundnum athöfnum
- geti lagt mat á hvort er meira helmingur eða þriðjungur, helmingur eða fjórðungur
- vinni með öðrum að lausn þrauta
- temji sér skipulögð vinnubrögð og þrautsejju
- læri uppsetningu dæma í reikningsbók
- vinni með talnagildi frá 0 – 99.9999
- læri að geyma og taka til láns
- átti sig á að víxlregla gildi í samlagningu og margföldun
- þjálfist í hugarreikningi
- setji upp dæmi miðað við sinn skilning
- noti tákni og hugtök fyrir minna en, stærra en, jafnt og
- nýti sér talnalínu sem hjálpartæki í stærðfræði
- geti fyllt í samlagningartöflu
- fáist við mælingar á lengd, þyngd, flatarmáli, rúmmáli og tíma
- vinni með hnitakerfi
- nýti sér vasareikna
- lesi út úr ýmis konar töflum og línuritum.

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Áhersla er lögð á að vinna með stærðfræði á sem fjölbreytilegastan hátt. Orðadæmi fá aukið vægi og til þess að efla skilning er lögð áhersla á að börnin leiti eigin lausna við verkefni og þau fengin til að greina frá úrlausnum sínum. Börnin halda áfram að æfa sig á klukku og nota dagatöl. Nemendur vinna oft að mismunandi verkefnum í kennslustundum, einstaklings-, para- eða hópavinnu. Kennsla fer fram bæði innan og utan dyra og börnunum kennt að nýta sér upplýsingar úr daglegu lífi.

Námsefni/kennslugögn

Sproti 4 A og B. Verkefni fyrir vasareikni. Við stefnum á deilingu. Í undirdjúpunum - deiling. Stjörnubækur sem aukaefni. Ýmis kennsluforrit t.d. Multi og Gyldendal. Margvísleg hjálpargögn eru notuð við kennsluna s.s. talnagrindur, kubbar, málbönd og vasareiknar. Hundradtalanataflan.

Námsmat

Námsmat er stöðugt í gangi (greinandi mat) og út frá því ákveðið hvort þörf sé á frekari þjálfun námsþáttar eða hvort færni nemandanna hefur aukist nægilega til að takast á við nýjan námsþátt. Matsverkefni eru fjölbreytt til þess að hægt sé að meta út frá þeim sem flesta þætti í hæfni nemandans s.s. kunnáttu, færni, skilning, getu til að tengja ólíka þætti, frumkvæði, vinnubrögð og þrautseigju. Stutt könnunarpróf, munnlegar spurningar og vettvangsathuganir.

Matsverkefni eru lögð munnlega fyrir þá nemendur sem ráða ekki við lestur. Nemendur taka samræmt könnunarpróf í september.

Samfélagsfræði

Fjallað er um landið okkar Ísland í víðu samhengi og tengsl Íslendinga við aðrar þjóðir. Einnig um samfélagið fyrr og nú og umhverfismál. Jafnframt er unnið með nánasta umhverfi skóla og bæjarfélags. Allir þættir samfélagsfræðinnar tengjast beint skólasýn okkar.

- Samfélagsvitund felst í því að barnið lætur sér annt um samferðafólk sitt, gerir sér grein fyrir samskiptareglum og getur hugleitt og rætt grundvöll þeirra. Við vinnum skv. kenningum Olweusar og reglulega eru haldnir bekkjarfundir.
- Umhverfisvitund felst í umhyggju fyrir umhverfi sínu og hæfileika til að greina samhengi á milli mannglegra athafna og náttúru.
- Söguvitund merkir tilfinningu fyrir liðnum tíma, nútíð og framtíð og vitund um að fyrirbæri mannlífisins eru breytingum undirorpin.

Markmið

- að flétta saman þekkingu, færni og tilfinningum barnsins svo að það öðlist vitund um samfélagið, umhverfið og söguna.
- að skapa aukna samfélags- og umhverfisvitund
- að skapa aukna söguvitund og þekkingu á arfleið okkar
- að skólinn viðhaldi Grænfánanum
- að nemendur kynnist mismunandi lífnaðarháttum fólks eftir löndum og öldum

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Leitast er við að flétta hinar ýmsu námsgreinar í eina heild t.d. með því að nýta Söguaðferðina. Með því gefst nemendum tækifæri til að setja sig í spor annarra og glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í samvinnu og frjálsri sköpun. Aðferðin byggist á því að börnin búa til umhverfi (söguvið) og sögupersónur (dúkkulísur). Síðan er hrundið af stað ákveðinni atburðarás sem börnin takast á við. Einnig er fengist við lesefni sem tengist viðfangsefnum greinarinnar. Hin ýmsu listaverk á Akureyri sem tengjast sögu okkar eru skoðuð. Lög áhersla á að nemendur tileinki sér örnefni í heimabyggðinni.

Námsefni/kennslugögn

Komdu og skoðuðu landnámið. Komdu og skoðuðu íslenska þjóðhætti. Komdu og skoðuðu landakort. Komdu og skoðuðu himingeiminn. Stjörnuvefurinn.

Námsmat

Hæfniviðmið. Virkni í kennslustundum og vinnubrögð.

Náttúrufræði

Markmið kennslunnar er að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu úr eðlisvísindum, jarðvísindum og lífvísindum. Markmiðið er að veita undirstöðuþekkingu og skilning á ferlum náttúrunnar og að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu. Fjallað er um upphaf Íslands, landnám plantna og dýra á landinu og áhrif árstíðabreytinga á lífríkið. Mikilvægt markmið er að efla forvitni og áhuga barnanna um fyrirbæri náttúrunnar. Einnig að vekja spurningar og áhuga á heimi tækninnar.

Nemandi á að

- öðlast vissan skilning á hringrás vatnsins
- öðlast vissan skilning á að allar lífverur eiga sér ákveðna lífsferla
- vita að plöntur eru undirstaða lífs á jörðunni
- öðlast vissan skilning á að fólk verður að temja sér að lifa í samræmi við hringrásir náttúrunnar
- temja sér endurnýtingu hluta og flokkun sorps
- kunna skil á nokkrum breytingum sem orðið hafa á nánasta umhverfi af manna völdum
- þekkja nokkrar mikilvægar uppgötvanir á sviði tækni og vísinda og áhrif þeirra á samgöngur og samskipti í heiminum
- geta fjallað um upphaf og þróun mannsins
- þekkja mismunandi leiðir til að afla upplýsinga
- læra að nýta sér landakort og átta sig á legu Íslands

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Kennslan er byggð á lykilorðunum forvitni, leit, leikur, upplifun, spurningar, umræður og vettvangskannanir. Kennarinn leiðir bekkinn í umræðum og frásögnum. Skólasafnið gegnir mikilvægu hlutverki sem og veraldarvefurinn þar sem nemendur leita sér upplýsinga. Hópvinna um ýmis atriði sem nemendur kynna fyrir samnemendum og jafnvel fleirum. Útivist, grenndarkennsla og Grænánaverkefnið eru mikilvægir þættir í náttúrufræðikennslunni.

Námsefni/kennslugögn

Náttúran allan ársins hring. Fuglarnir okkar. Komdu og skoðuðu hringrásina. Komdu og skoðuðu landakortin. Komdu og skoðuðu tæknina. Komdu og skoðuðu himingeiminn, Komdu og skoðuðu hafið. Ýmsar handbækur, myndbönd og forrit.

Námsmat

Hæfniviðmið. Virkni í kennslustundum, vinnubrögð, vettvangsathuganir, leiðsagnarmat, framfarir og frumkvæði, færni í hópvinnu, færni í að afla upplýsinga og vinna með þær, sjálfsmat og lokamat.

Siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið

- að fræða nemendur um kristna trú og kynnast öðrum trúarbrögðum
- að nemendur læri siðfræði og samskiptareglur sem byggja á kristinni trú
- að nemendur fái þjálfun í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- kynnist kjörum landflótta barna og hjálparstarfi.

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Kennt er aðallega í tveimur lotum. Umræður um sköpunarverkið, Biblíuna, líf og kærleiksboðskap Jesú og kirkjuna. Fjallað er um samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleik og sáttfýsi, m.a. með því að lesa sögur sem gefa tilefni til umfjöllunar um þessi atriði. Unnið í vinnubækur. Farið er í heimsókn í kirkju.

Námsefni

Trúarbrögðin okkar. Myndbönd.

Námsmat

Hæfniviðmið. Metin eru verkefni og vinnubrögð ásamt færni í hópvinnu, jafningjamat og sjálfsmat.

Enska

Markmið, kennsla og skipulag:

Kennslan byggist mest á söng og hreyfingum. Hreyfingar eiga að endurspegla innihald texta þannig að nemendur átti sig á þýðingu orðanna. Unnið verður fyrst með lög sem nemendur kunna á íslensku, með litina, tölurnar og jólasöngva þegar þar að kemur.

Námsefni: Work out vinnubók og Speak out lesbók. Geisladiskur fylgir með. Ítarefni á bókasafni t.d. orðasúpur, jöfnuspil og stuttar bækur, Adventure Island. Hickory bækur.

Kennarar: Ingibjörg Björnsdóttir (4 IB) og Jóhann Ingi Einarsson (4SSM)

Lífsleikni

Markmiðið er að nemendur styrki enn frekar félagslega hæfni sína. Lögð er mikil áhersla á sjálfsvitund með það að markmiði að hver nemandi öðlist betri skilning á sjálfum sér og öðrum sem félagsverum og að bæta skilning þeirra á því þjóðfélagi og því umhverfi sem þeir lifa í. Unnið er með tilfinningaþroska, einelti, samskipti, peninga og neyslu, samhjálp og áhættuhegðun. Lögð er áhersla á heilsusamlegt lífni, að nemendur fari eftir reglum skólans, þeir virði þær reglur sem gilda í samskiptum manna á milli og temji sér kurteisi og virðingu í samskiptum. Unnið verður út frá uppeldisstefnunni Jákvaður agi.

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Lífsleikni tengist öllum öðrum námsgreinum skólans á einn eða annan hátt og í flestum námsgreinum er gert ráð fyrir samvinnu barnanna. Ákveðið námsefni liggur til

grundvallar sem kennari fylgir eftir í daglegu starfi með börnunum. Kennslan byggist á umræðum, hlutverkaleikjum og verklegri þjálfun. Bekkjafundir.

Námsefni

Jákvæður agi. Eineltishringurinn. Myndband um einelti. Umræður út frá líðandi stundu.

Námsmat

Lögð er áhersla á símat og sjálfsmat. Gefin er umsögn sem byggist mikið á athugunum í daglegri umgengni við barnið. Horft er til færni barnsins í samskiptum, hvernig því gengur að setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og leita sátta í deilumálum. Einnig hvernig barninu gengur að tjá eigin líðan með orðum, myndum eða látbragði. Námsmat rætt í foreldraviðtölum.

Myndlist

Nemendur teikna, mála og móta eigin hugmyndir inn á milli ákveðinna verkefna. Þeir læra að nota fjölbreyttar aðferðir og efni við verkefnavinnuna sem hæfa aldri þeirra og þroska og læra jafnhliða um lögmál myndlistarinnar og þau grunnhugtök sem nýtast við að fjalla um myndlist og setja hana í félagslegt og sögulegt samhengi. Á yngsta stigi fer fram kynning á inntakspáttum myndlistarinnar sem farið er dýpra í á síðari stigum. Nemendur vinna með undirstöðuatriði í litufræði, formfræði og myndbyggingu. Þeir blanda tiltekna liti, gera tilraunir með tjáningu í lit og liti umhverfisins, birtu og skuggamyndun forma, jákvætt og neikvætt rými. Þeir þekki grunnformin og geri formkannanir í umhverfinu. Reynt verður að gæta fjölbreytni í verkefnavali. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér vandvirkni og góða umgengni um efni og áhöld.

Helsta námsefni: Myndlist I, Myndlist II, Listavefur krakka, efni fengið úr ýmsum bókum og gögnum um myndlist. Inntak verkefna byggir á þrepamarkmiðum í aðalnámskrá grunnskóla.

Helstu kennsluáðferðir: Stuttir fyrirlestrar við upphaf kennslustundar, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, samvinnunám og hópastarf.

Námsmat: Símat sem byggir á frumkvæði, vinnulagi, verkefnaskilum og frágangi. Ferli myndverks er metið jafnt á við frágengið verk. Einnig byggir námsmat á sjálfsmati nemenda í þeim tilgangi að auka meðvitund þeirra og ábyrgð á eigin námi.

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tónlist/sjónlist/sviðslist

Markmið:

- Að nemendur geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulegan hátt í eigin sköpun
- Að efla áhuga á tónlist og sviðslistum.
- Að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinanna.
- Að þjálfa tón- og taktskyn.
- Að örva ímyndunarafli og geta hreyft sig óþvingað eftir tónlist.
- Að nemendur kynnist hljóðfærum og hljóðfærasmíði.
- Að nemendur kynnist ýmsum tegundum tónlistar.
- Að nemendur nái að tengja saman hreyfingu, túlkun og tónlist

- Að nemendur taki virkna þátt í leikrænu ferli í hópi og geti beitt fleiri en einu form leiklistar
- Að nemendur geti sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfendur

Námsmat: Umsögn um áhuga og frammistöðu.

Kennari: Hólmfríður Guðnadóttir

Upplýsingamennt og tölvunotkun

Á skólasafni vinna nemendur verkefni og fá lánuð gögn og bækur. Nemendur fá einn tíma á viku í tölvuveri.

Markmið – að nemendur

- æfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og sjálfstæðri þekkingaröflun á netinu
- noti kennsluforrit til að efla færni sína í öðrum fögum
- læri á teikniforrit
- læri fingrasetningu með reglubundnum æfingum.
- geti skrifað og prentað út eigin texta með hinum ýmsu möguleikum sem ritvinnsla býður upp á í Word.

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Lögð er áhersla á að börnin komi reglulega á bókasafn skólans og finni sér bækur við hæfi. Fræðslan á safninu beinist helst að því að þjálfa kerfisbundið notkun safnsins og glæða bókalestur. Fjallað verður sérstaklega um fræðibækur og nemendur þjálfaðir í að leita upplýsinga um ákveðin atriði í þeim. Börnin fá grunnþjálfun í fingrasetningu á tölvu og rita stuttan texta í ritvinnslu. Þeim er kennt að nota ákveðna sérlykla á lykklaborði s.s. að eyða texta, leiðrétta texta og rita stóra stafi. Einnig er þeim kennt að vista skjöl og ná í vistuð skjöl af hörðum disk. Farið verður í undirstöðuatriði ritvinnslu.

Námsefni/kennslugögn

Tölvur og ýmis kennsluforrit. Fingrafimi.

Námsmat

Tekið er mið af þeirri færni og áhuga sem nemendur sýna við tölvunotkun og upplýsingaleit. Í lok skólaárs er gefin umsögn um virkni og framfarir.

Kennari: Heimir Freysson

Heimilisfræði

Markmið

- Nemandi á að
- þekkja og geta notað einföldustu eldhúsáhöld
- geta notað með hjálp ýmis eldhústæki, s.s. brauðrist, samlokugrill, rafmagnsþeytara, vöfflujárn, eldavél og örbylgjuofn

- geta unnið eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- geta gengið frá að verki loknu með leiðsögn
- vita hvað ber að varast við notkun áhalda og tækja (slysaþetta, hættuleg efni, notkun og geymsla)
- geta ráðað fæðutegundum í fæðuhring og þekkja fæðuflokkana
- gera sér grein fyrir nauðsyn handþvottar og almenns hreinlætis
- kunna og vita af hverju á að hreinsa grænmeti og ávexti
- vita um gagnsemi og skaðsemi örvera
- vita hvað getur leitt til betra umhverfis (orkusparnaður, minni vatns- og pappírnotkun, endurvinnsla, minni notkun eiturefna)
- þekkja hugtökin umhverfisvernd, endurnýting, endurvinnsla og mengun
- geta flokkað almennt sorp frá heimili
- vita hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld og svefn)
- geta lagt snyrtilega á borð og kunna góða borðsiði

Skipulag kennslu/kennsluhættir.

Nemendur vinna 2-3 saman í hóp. Kennari aðstoðar eftir þörfum en leitast er við að efla sjálfstæð vinnubrögð. Viðfangsefni eru mest í bakstri en einnig er unnið með grænmetis, ávaxtaflokk og mjólkurflokk.

Námsefni

Hollt og gott 3. Ljósritaðar uppskriftir.

Námsmat byggir á eftirfarandi: Virkni,/vinnusemi,vandvirkni, sjálfstæði, samvinnu, framkomu og að fara eftir fyrirmælum.

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir.

Textílmennt

Markmið: að nemendur

- ☺ læri að fitja upp í prjóni
- ☺ prjóni garðaprjón
- ☺ læri að hekla snúru, snúa band eða hnýta
- ☺ þjálfist í að þræða yfirtvinna á saumavél
- ☺ þjálfist í að sauma beina sauma á saumavél
- ☺ noti útsaum til skreytinga
- ☺ fái innsýn í tóvinnu
- ☺ geti notað hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

Kennsluhættir:

Kenndar eru tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn og skal námið miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum

greinarinar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, **hugur - hönd – heilbrigði** þar sem m.a. er lögð áhersla á að nemendur þjálfí verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir.

Námsefni:

Á þrjónunum, Hannyrðir í 3.-6. bekk, uppskriftir, snið og verkefnablöð.

Námsmat:

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferlinu, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, umgengni og framkomu auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn. Námsmat er birt með táknum og skriflegri umsögn. Auk þess er á haustönn gefin umsögn í dagbók í Mentor fyrir foreldraviðtöl.

Kennari: Sigrún María Guðmundsdóttir

Hönnun og smíðar

Markmið

- að nemendur læri að þekkja öryggisreglur smíðastofunnar.
- að nemendur virði og fari eftir settum reglum.
- að nemendur sýni samnemendum og kennara tillitssemi, kurteisi og virðingu.
- að nemendur fari vel með verkfæri og skili þeim á sinn stað, gangi vel um stofuna og allan búnað.
- að nemendur geri sér grein fyrir nauðsyn þess að fólk gangi vel um umhverfi sitt .
- að nemendur verði meðvitaðir um hvaða verkfæri þeir nota í verkefnum sínum. Þau eru m.a.: hamrar, sagir, sandpappír, penslar, skæri, raspur, bakkasög, borvél, málstokkur og klemmur
- að nemendur kynnst þeim efnum og íhlutum sem þeir nota í smíðaverkefnum, en þau eru: Fura, plötuefni, naglar, trélm, málning, lakk, skrúfur ofl.

Kennsluhættir

Kenndar eru tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn og skal námið miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar.

Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla „**Hugur - Hönd - Heilbrigði**“ þar sem m.a. er lögð áhersla á að nemendur þjálfí verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir.

Námsmat

Helstu þættir sem eru metnir:

- Iðni í verkefnavinnu, þ.e. hvað nemendur eru duglegir að vinna
- Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð í allri verkefnavinnu
- Þekking nemenda á því sem unnið er með
- Gæði afurðarinnar metið
- Framkoma, samskipti og umgengni.

Námsmat er birt með táknum og skriflegri umsögn. Auk þess er á haustönn gefin umsögn, fyrir foreldradag, í dagbók í Mentor.

Kennari: Ólafur Viðar Hauksson.

Íþróttir

Helstu áhersluatriði eru að nemendur:

- Öðlist aukna færni í helstu grófhreyfingum og samsettum hreyfingum auk þess að bæta samhæfingu þeirra.
- Efli líkamspól, styrk, fimi og hraða
- Fá útrás fyrir hreyfiþörf sína og fái í leiðinni jákvæða upplifun af íþróttum
- Þjálfist í samvinnu, að sýna tillitsemi og umburðarlyndi gagnvart öðrum nemendum
- Leitast er við að kynna sem flestar íþróttagreinar sem aðstæður í skóla bjóða upp á.

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar, þolæfingar, styrktaræfingar, boltaleiki sem og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Nemendum er frjálst að hafa skó í íþróttum.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Námsmat í íþróttum byggir á stefnu skólans og markmiðsetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati allt skólaárið þ.e. ýmsum mælingum og athugunum.

Námsmat í 4. bekk er sett fram með skriflegri umsögn:

Færni: Könnuð er færni nemenda í þoli, fimi, styrk og hraða, einnig í ýmsum grunnhreyfingum og í leikjum með og án bolta.

Fyrirmæli: Mat er lagt á hvort nemandi fylgi fyrirmælum kennara og starfsfólks.

Samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda.

Virgni: Mat er lagt á virkni nemanda í íþróttatímum.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Gíslason.

Sund

Helstu áhersluatriði: Í 4. bekk er haldið áfram uppbyggingu sundnáms frá þremur fyrstu árunum. Áhersla er lögð á góða samhæfingu sundtaka og rétttra öndun í skriðsundi, baksundi og skólabaksundi. Einnig lagður grunnur að réttum arm- og fótatökum í bringusundi. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfipörf og félagsleg samskipti.

Námsmat: Námsmat í sundi byggir á stefnu skólans og markmiðsetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati þ.e. ýmsum æfingum og prófum. Eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar við gerð námsmats í sundi:

Færni. Matið byggir á því að nemandinn geti synt 35 metra skriðsund og 35 metra baksund, 16 metra bringusund og 16 metra skólabaksund. Öll sundin án hjálpartækja. Stunga af bakka úr kropstöðu. Þátttaka í leikjum og ýmsum æfingum til aðlögunar í vatni er metin.

Fyrirmæli: Mat er lagt á hvort nemandi fylgi fyrirmælum kennara og starfsfólks.

Samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda.

Virgni: Mat er lagt á virkni nemanda í sundtímum.

Kennari: Hrefna Dagbjartsdóttir og Kári Jóhannesson